



—
MOLDUN
—

Ég lifi' í Jesú nafni,
í Jesú nafni' eg dey,
þó heilsa' og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristí krafti' eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.
Sb. 1671 - Hallgrímur Pétursson

—
BLESSUN
—

—
EFTIRSPIL
—

Kveðja
e. Ludwig van Beethoven

Prestur: sr. Gunnar Stígur Reynisson
Organisti: Guðlaug Hestnes
Kór: Samkór Hornafjarðar
Umsjón: Albert Eymundsson og Örn Arnarson

*Fjölskyldan þakkar auðsýndan hlýhug og vináttu
og býður kirkjugestum að þiggja veitingar á Z-Bistro að athöfn lokinni.*



Svandís Heilu



Signý Guðmundsdóttir



*Fædd 15. maí 1929
Dáin 24. nóvember 2022*

*Útför frá Hafnarkirkju,
laugardaginn 3. desember 2022*



FORSPIL

Næturljóð

e. Frédéric Chopin

SIGNING OG BÆN

Kallið er komið,
komin er nú stundin,
vinaskilnaðar viðkvæm stund.
Vinirnir kveðja
vininn sinn látna,
er sefur hér hinn síðsta blund.

Margs er að minnast,
margt er hér að þakka.
Guði sé lof fyrir liðna tíð.
Margs er að minnast,
margs er að sakna.
Guð þerri tregatárin stríð.

Far þú í friði,
friður Guðs þig blessi,
hafðu þökk fyrir allt og allt.
Gekkst þú með Guði,
Guð þér nú fylgi,
hans dýrðarhnoss þú hljóta skalt.

Grátnir til grafar
göngum vér nú héðan,
fylgjum þér, vinur. Far vel á braut.
Guð oss það gefi,
gláðir vér megum
þér síðar fylgja í friðarskaut.
Sb. 1886 - Valdimar Briem

RITNINGARLESTUR

Lýs, milda ljós, í gegnum þennan geim,
mig glepur sýn,
því nú er nótt, og harla langt er heim.
Ó, hjálpin mín,
styð þú minn fót; þótt fetin nái skammt,
ég feginn verð, ef áfram miðar samt.

Ég spurði fyrr: Hvað hjálpar heilög trú
og hennar ljós?
Mér sýndist hjart, en birtan þvarr, og nú
er burt mitt hrós.
Ég elti skugga, fann þó sjaldan frið,
unz fáráð öndin sættist Guð sinn við.

Þú ljós, sem ávallt lýsa vildir mér,
þú logar enn,
í gegnum báru, brim og voðasker.
Nú birtir senn.
Og ég finn aftur andans fögru dyr
og engla þá, sem barn ég þekkti fyrr.

*Newman / Matthías Jochumsson
C. H. Purday*

GUÐSPJALL

Nú legg ég augun aftur,
ó, Guð, þinn náðarkraftur
mín veri vörn í nótt.
Æ, virst mig að þér taka,
mér yfir láttu vaka
þinn engil, svo ég sofi rótt.

Foersom - Sb. 1871 - Sveinbjörn Egilsson

Ég fel í forsjá þína,
Guð faðir, sálu mína,
því nú er komin nótt.
Um ljósið lát mig dreyma
og ljúfa engla geyma
öll börnin þín, svo blundi rótt.

Sb. 1945 - Matthías Jochumsson

MINNINGARORÐ

Undir háu hamrabelti
höfði drúpir lítil rós.
Þráir lífsins vængja víddir
vorsins yl og sólarljós.

Æsku minnar leiðir lágu
lengi vel um þennan stað,
krjúpa niður kyssa blómið
hversu dýrðlegt fannst mér það.

Ég held ég skynji hug þinn allan
hjartasláttinn rósinn mín.
Er kristalstærir daggardropar
drjúpa milt á blöðin þín.

Finna hjá þér ást og unað
yndislega rósinn mín.
Eitt er það sem aldrei gleymist,
aldrei það er minning þín.

Friðrik Jónsson / Guðmundur Halldórsson

BÆN OG FAÐIR VOR

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjóvgun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði -
líf mannegt endar skjótt.

Jesús er mér í minni,
mig á hans vald ég gef,
hvort ég er úti' eða inni,
eins þá ég vaki' og sef.
Hann er mín hjálp og hreysti,
hann er mitt rétta líf,
honum af hjarta' eg treysti,
hann mýkir dauðans kíf.